



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 7. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2012
ÞRIÐJUDAGINN 20. NÓVEMBER KLUKKAN KL. 10:35**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda hér í skólanum.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

B. Önnur bréf

- **Nemandi óskar eftir leyfi 8.-10.des. og tilfærslu í prófum. (sjá minnisblað).** Skólaráð samþykkir leyfið og vísar skipulagi prófa til prófstjóra.
- **Staðfesting skólameistara á undanþágu nemanda frá dönsku til stúdentsprófs. (sjá minnisblað).**
- **Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs. (sjá minnisblað).**Vísað til kennslustjóra til umsagnar
- **Nemandi sækir um undanþágu frá dönsku og þýsku til stúdentsprófs. (sjá minnisblað).** Vísað til kennslustjóra til umsagnar
- **Staðfesting skólameistara á undanþágu nemanda frá stærðfræði til stúdentsprófs. (sjá minnisblað).**
- **Staðfesting skólameistara á undanþágu nemanda frá dönsku og þriðja tungumáli til stúdentsprófs. (sjá minnisblað).**
- **Nemandi segir sig frá námi á haustönn 2012.**

2. Skólasókn og skólasóknarreglur

Yfirlit skólasóknar lagt fram (Fylgiskjal 1). Ljóst er að skólasókn nú er lakari en fyrir ári síðan og munu markmið um skólasókn ekki nást á þessari önn.

3. Félagslíf og fjármál NFFG

Í máli fulltrúa nemendafélagsins (NFFG) kom fram að nýliðið stelpukvöld gekk vel. Morfís-lið skólans vann lið Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Skólaráð sendir ræðuliði skólans árnaðaróskir með árangurinn. NFFG tekur þátt í fjáröflun fyrir UNICEF sem skipulögð er af VMA. Margir framhaldsskólar taka þátt í verkefninu. Miðvikudaginn 28.nóvember n.k. munu nemendur hafa sérstaka söfnun í skólanum.

Drífa Blöndal formaður leikfélagsins sagði frá undirbúningi söngleiksins. Leikprufum lauk í gærkvöldi og er undirbúningsvinnan á fullu. Æfingar byrja strax í janúar.



4. Önnur mál

Staðfest er brottvísun nemanda úr skólanum sem staðfesti að eiga kannabisefni í fórum sínum. Nemandinn fékk tækifæri til andmæla en nýtti það ekki. (sjá minnisblað)

Í lok fundar var helstu reglum skólans dreift til fundarmanna og þeir beðnir um að yfirfara fyrir næsta fund skólaráðs og koma með breytingartillögur ef þurfa þykir (Fylgiskjal 2).

Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir námsráðgjafi
Atli Guðnason fulltrúi kennara
Drífa Guðmundsdóttir Blöndal fulltrúi leikfélagsins
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari
Fríða Gyldadóttir fulltrúi kennara
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Jenna Karen Sigurðardóttir forseti NFFG
Jón Þórarinn Úlfsson fulltrúi nemenda
Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnfulltrúi
Snjólaug Bjarnadóttir áfangastjóri
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir námsráðgjafi